



5. aukafundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri þriðjudaginn 29. júlí 2014 og hófst kl 17:00.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð . Svo var ekki.

Mætt eru: Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Vilborg Stefánsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð sveitarstjórnar Langanesbyggðar nr 4/2014**
Lögð fram til kynningar
- 2. Bréf til sveitarfélaga frá Eyþingi dags. 18. júlí 2014**
Lagt fram til kynningar
- 3. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 10. júlí 2014**
Lagt fram til kynningar
- 4. Ráðning sveitarstjóra**

Auglýst var eftir sveitarstjóra og sóttu 11 aðilar um stöðuna.

Neðangreindir aðilar sóttu um:

Aðalsteinn J Halldórsson - stjórnslufræðingur
Elías Pétursson - sjálfstætt starfandi
Elvar Ingimundarsson - guðfræðingur
Gunnar Kristinn Þórðarson - háskólanemi
Gunnólfur Lárusson - fv. sveitarstjóri
Jónas Vigfússon – fv. sveitarstjóri
Jörgína E. Jónsdóttir - söluráðgjafi
Konráð Gylfason - söluráðgjafi og háskólanemi
Kristinn Dagur Gylfason - viðskiptafræðingur
Tryggvi Þór Gunnarsson fv.bæjarfulltrúi
Úlfar Trausti Þórðarson – Byggingafræðingur

Eftirfarandi tillaga að bókun lögð fram:

„Sveitarstjórn hefur hist óformlega á einum fundi til að fara yfir umsóknir um starf sveitarstjóra. Einn umsækjandi var kallaður í viðtal og hitti sveitarstjórn á fundi. Auk þess hafa einstakir sveitarstjórnarmenn rætt við umsagnaraðila vegna nokkurra umsækjenda.

Lagt til að Elías Pétursson verði ráðinn sem sveitarstjóri í Langanesbyggð. Oddviti kynnti drög að ráðningarsamningi við Elías. Laun Elíasar samkvæmt ráðningarsamningnum eru 756 þúsund krónur á mánuði ásamt 50.000 kr bílastyrk. Einnig útvegar Langanesbyggð Elíasi húsnæði og greiðir símakostnað og nettengingu.



Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlögð drög af ráðningarsamning á milli Elíasar Péturssonar og Langanesbyggðar og er oddvita falið að undirrita samninginn“

Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Elías er boðinn velkominn til starfa og mun hann hefja störf um miðjan ágúst n.k.

5. Kosning fulltrúa á aðalfund Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fulltrúar á aðalfund Sambands íslenskra sveitarfélaga verða að vera kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn. Lagt til að Hilma Steinarsdóttir oddviti verði aðalmaður og Þorsteinn Ægir Egilsson verði varamaður.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum.

6. Kosning fulltrúa sveitarfélagsins í Eyþing

Þar sem fulltrúar sveitarfélagsins í Eyþing eru tveir á meirihlutinn að skipa annan fulltrúann og minnihlutinn hinn fulltrúann. Meirihlutinn leggur til að Hilma Steinarsdóttir verði aðalmaður og minni hlutinn leggur til að Siggeir Stefánsson verði aðalmaður. Lagt til að varamenn sem kosnir voru síðasta fundi verði þeir sömu, Þorsteinn Ægir Egilsson og Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir.

Fyrri bókun um fulltrúa á Eyþing fellur því úr gildi.

7. Lántaka hjá Íslandsbanka vegna hönnunar skólamiðstöðvar

Drög að samkomulagi við Íslandsbanka lagt fram. Sparisjóður Norðurlands hefur einnig lagt fram tillögu að fjármögun á verkefninu. Þessar tvær leiðir af fjármögun voru ræddar og ákveðið að taka tilboði Sparisjóðsins í forvinnu verkefnisins samkvæmt minnisblaði dagssettu 29. júlí 2014 sem undirritað er af Ragnari Þorgeirssyni.

Tillagan borin undir fundinn samþykkt samhljóða.

8. Skýrsla skrifstofustjóra

- a) Dagvistunarmál. Þau eru ennþá ekki komin á hreint á Þórshöfn. né Bakkafirði.
- b) Framkvæmdir ganga vel. Salernisgámur kom fyrir rúmri viku og var settur niður strax.
- c) Aðsókn á tjaldsvæðið hefur verið mikil það sem af er sumri og sama má segja um aðsóknina í Íþróttamistöðina.
- d) Bygging skólamiðstöðvar. Búið að halda fund í nefndinni og þar var ákveðið að fyrsta skref er að fara og heimsækja leikskóla og fá síðan Orra í heimsókn. Ekki er hægt að heimsækja leikskóla fyrr en eftir sumarlokun í ágúst.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 17:55